

Umhverfisnefnd Heiðarskóla

2. fundur 26. nóvember 2021

Mættir: Róbert Logi, Gunnjóna, Ástrós Jóna, Haukur, Lóa, Oddur, Veronika, Arna Rún, Berglind Ýr, Sigríður Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Það náðist að halda þemaviku um vatnið eftir nokkrar frestanir og með nokkuð breyttu sniði vegna sóttvarnatakmarkana. Sýningin sem átti að vera færðist á netið með kynningum frá hverju stigi. Ólík verkefni voru unnin á stígunum þar sem nemendur völdu verkefni og útfærðu að eigin vali, tilraunir og kynningar. Skemmtileg vika að mati nemenda. Haldið verður áfram með vatnsþema á skólaárinu.
- Skólinn hefur oftast tekið þátt í verkefnum jól í skókassa fyrir utan á síðasta ári þar sem ákveðið var að senda pakka til barna í Perú. Pakkinn var ca. átta mánuði á leiðinni en komst á leiðarenda. Umræða hefur sprottið innan umhverfisteymis um hversu gott það er fyrir umhverfið að senda dót milli landa og hvort betra sé að standa að peningasöfnun til handa börnum í neyð. Umræður um að nemendur búi eitthvað til sem hægt er að selja s.s. kerti eða annað föndur. Ákveðið að halda þingó rafrænt en fresta fram yfir áramót.
- Matarsóunarverkefni er verkefni desembermánaðar. Þá fer fram vigtun á matarafgöngum í matsal og vitundarvakning um áhrif matarsóunar á umhverfið. Talað um að 30% af mat sem framleiddur er í heiminum sé hent. Umræður um hvað nemendur geta gert til að hjálpa til við að nýta mat vel.
- Í desembermánuði er mikið föndrað og umræða um að passa upp á að nýta það sem til er og endurnýta hluti við föndurgerðina. Umræða um hvað nemendur gera til að vernda umhverfið s.s. flokka, nýta vel, molta, plokka.

Fundi slitið 13.25

Þórdís Þórisdóttir